

Púlsmælir á samfélagið

Samfélagsmælikvarðar Capacent Gallup

Það hefur löngum tíðkast að meta árangur og velgengni þjóða fyrst og fremst út frá hagrænum mælikvörðum á borð við hagvöxt og landsframleiðslu.

Fræðimenn eru hins vegar í auknum mæli farnir að meta gæði lífs í þjóðlöndum út frá fleiri þáttum en hreinum efnahagslegum mælikvörðum. Nefna má nóbelsverðlaunahafana Joseph Stiglitz og Amartya Sen sem hafa báðir fært rök fyrir því að það séu fleiri þættir en þeir hagrænu sem hafi áhrif á lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni landa, t.d. samfélagslegir þættir. Vegna þessa er nauðsynlegt að líta út fyrir efnahagsgeirann og mæla mikilvæga samfélagsþætti á kerfisbundinn hátt. Þróunin erlendis hefur einmitt verið í þessa átt, t.d. má sjá góðan grunn og athyglisverða þróun samfélagsmælinga á vefsíðu Gallup í Bandaríkjunum (www.gallup.com).

Til að mæta þessari þróun útvíkkaði Capacent Gallup Þjóðarpúls sinn á fyrri hluta ársins 2010 og hóf mælingar á samfélagsþáttum sem hafa verið kallaðir samfélagsmælikvarðar. Þessum mælikvörðum er ætlað að gefa þjóðinni upplýsingar um stöðuna á ýmsum þáttum sem snerta lífið í landinu á hverjum tímapunkti og vera viðbót við hagfræðilegar mælingar á stöðu þjóðfélagsins. Markmið Capacent hefur ávallt verið að veita aðilum í samfélaginu mikilvægar upplýsingar um stöðu mála í samfélaginu á hverjum tímapunkti og eru þessar nýju mælingar liður í því.


Eftirfarandi mælikvarðar bættust við flóru mælikvarða í Þjóðarpúlsi Capacent Gallup í maí 2010; lífsmat, andleg líðan, heilsa, fjöldi daga frá vinnu/námi vegna veikinda, neysla og væntar heimilistekjur. Sjá má alla þessa mælikvarða og þróun þeirra frá upphafi mælinga á heimasíðu Capacent (þar sem þeir eru uppfærðir vikulega) www.capacent.is. Fyrstu fjórir mælikvarðarnir eru viðbót við efnahagslega mælikvarða og veita ítarlegar upplýsingar um andlega og líkamlega líðan þjóðarinnar hverju sinni. Tveir síðastnefndu mælikvarðarnir eru síðan viðbót við algenga hagræna mælikvarða. Samanlagt veita þessir samfélagsmælikvarðar heildrænar upplýsingar um stöðuna í samfélaginu hverju sinni. Í þessari grein er markmiðið að fjalla um nokkra þessara mælikvarða og skoða samhengi þeirra við atburði í samfélaginu sem og aðra mælikvarða. Einn þessara mælikvarða er Lífsmat, sem er mælikvarði sem byggir á Lífsmatsstiga Cantril og er líklega sá mælikvarði sem gefur bestar upplýsingar um heildarhag fólksins í landinu á hverjum tímapunkti. Þegar lífsmat er greint er fólk beðið að meta líf sitt þegar mælingin er framkvæmd og hvernig það sér fyrir sér að líf sitt muni þróast á næstu fimm árum. Þegar fólk metur líf sitt þegar á heildina er litið og til framtíðar hugsar það væntanlega um efnahagslega stöðu sína, félagslega stöðu, tækifæri til framfara og ýmsa aðra þætti. Þessi mælikvarði gefur því góða mynd af því hversu vel eða illa fólk telur hag sínum borgið í landinu hverju sinni.

Að dafna eða vera í basli

Lífsmatsstiginn var þróaður af bandaríska félagssálfræðingnum Hadley Cantril, sem var prófessor við Princeton-háskóla. Lífsmatsstiginn er m.a. notaður af Gallup víða um heim og liggur til grundvallar lífsgæðavísitölu Gallup í Bandaríkjunum (Well Being Index). Mælingar á lífsmati skipta fólki í þrjá flokka. Í fyrsta lagi fólk sem dafnar. Fólk í þessum hópi metur líf sitt í augnablikinu gott og sér fyrir sér að það verði jafn gott eða betra eftir fimm ár. Í öðru lagi er fólk sem er í basli, þ.e.a.s. fólk sem er annað hvort svartsýnt á stöðu lífs síns eftir fimm ár eða telur sig ekki vera á góðum stað í augnablikinu. Þriðji hópurinn er síðan fólk sem á í þrengingum. Í þessum flokki eru einstaklingar sem gefa lífi sínu lága einkunn þegar mælingin fer fram og sjá ekki fram á betri tíma eftir fimm ár.

sem „dafna“ farið hæst í tæplega 63% í lok ágúst og í janúar 2011. Íslendingum sem meta líf sitt gott og horfa björtum augum til framtíðar hefur því fjölgað um rúm 20 prósentustig síðastliðið ár. Að sama skapi hefur þeim sem eru „í basli“ fækkað um 20 prósentustig, þeir voru um 52% fyrir ári síðan en eru rúmlega 32% núna. Frá upphafi mælinga hefur engu að síður verið ljóst að til staðar er hópur Íslendinga sem er „í þrengingum“, þ.e.a.s. telur líf sitt vera slæmt og sér ekki fram á betri tíma eftir fimm ár. Síðustu misseri hafa 2-7% Íslendinga verið í þessum flokki.

Þróun lífsmats



Mun fleiri dafna en fyrir ári síðan

Margt athyglisvert kemur í ljós þegar mat Íslendinga á lífi sínu síðastliðna sextán mánuði er skoðað. Við upphaf mælinga í maí 2010 var hægt að segja að 45% Íslendinga „döfnuðu“ en það hlutfall var 44% í október 2010. Eftir að þeim punkti var náð hefur þróunin hins vegar verið upp á við og í nýjstu mælingunni falla ríflega 65% Íslendinga í þennan hóp. Það er einmitt hæsta hlutfallið sem mælst hefur frá upphafi mælinga. Áður hafði hlutfall þeirra

Jákvæðari þróun en í Bandaríkjunum

Það er áhugavert að bera þróun lífsmats á Íslandi saman við þróunina í Bandaríkjunum (sjá <http://www.gallup.com/poll/110125/Gallup-Daily-Life-Evaluation.aspx>). Það kemur í ljós að sú aukning sem við greinum á Íslandi hefur ekki átt sér stað í Bandaríkjunum. Sé litið yfir sama tímabil hefur þróunin verið nokkuð stöðug í Bandaríkjunum, um 53% Bandaríkjamanna féllu í flokkinn „dafnar“ í maí 2010, sem er svipað hlutfall og dafnar nú í september

2011. Samkvæmt þessu hefur þróunin því verið mjög ólík í þessum löndum á tímabilinu varðandi það hvernig fólk metur líf sitt.

Tengist lífsmatið árstíðum?

Lífsmat Íslendinga hækkaði töluvert um jólaleytið 2010 og lækkaði síðan um mánaðamótin janúar og febrúar. Einnig má greina hækkun um hásumarið 2010 og 2011. Þó að leiða megi líkur að því að árstíðabundnir þættir hafi áhrif á lífsmatið er of snemmt er að segja til það með fullkominni vissu. Til þess að það sé hægt verður við að hafa gögn til lengri tíma (lengri tímalínu). Það verður þó fróðlegt þegar til framtíðar er litið að greina árstíðasveiflur og leiðrétta kvarðann eftir þeim.

Áhrif einstakra atburða og tengsl við efnahaginn

Einstaka atburðir í þjóðfélaginu virðast hafa sterka fylgni við það hvernig fólk metur líf sitt (þegar mæling fer fram og til framtíðar) og valda því töluverðum skammtímasveiflum í Lífsmatinu. Til dæmis virðast gengislánadómar Hæstaréttar í júní og september 2010 tengjast lífsmati Íslendinga (sjá mynd 1). Sömuleiðis hafði neikvæð umfjöllun í fjölmiðlum og þung undiralda rétt fyrir fjöldamótmæli fyrir framan Alþingi í upphafi október 2010 tengsl við neikvæðara mat Íslendinga á lífi sínu.


Órói á mörkuðum og áhyggjur af skuldavandræðum þjóðríkja virðist líka hafa áhrif á lífsmat Íslendinga. Við sjáum t.d. nokkuð skarpar breytingar á lífsmatskvarðanum samhliða falli markaða í Evrópu og Bandaríkjunum í upphafi ágúst og september 2011. Áhrif óróa á fjármálamörkuðum

á lífsmat Íslendinga eru enn sem komið er takmörkuð, sem sést best á því að fjöldi Íslendinga sem dafnar jókst í september 2011. Þó má leiða líkur að því að verði þróunin neikvæð muni það hafa umtalsverð og neikvæð áhrif á lífsmat Íslendinga, enda höfum við hingað til greint töluverða fylgni á milli lífsmats og þróunar á hagrænum mælikvörðum.

Þessi fylgni sést t.d. þegar lífsmatskvarðinn er borinn sama við Væntingavísitölu Gallup (sem er mælikvarði á væntingar fólks til efnahagslegra þátta). Mynd 2 sýnir töluverða samsvörum í þróun lífsmatsins og Væntingavísitölunnar. Minni trú og væntingar til efnahagslífsins fara saman við lægra lífsmat fólks (eins og það er metið skv. Lífsmatsstiga Cantrils). Mynd 2 leiðir í ljós meiri sveiflur á Væntingavísitölunni og að hún sveiflast meira eftir því hvaða vindar blása í efnahagslífinu hverju sinni. Líklegt er að fleiri þættir en þeir hagrænu hafa áhrif á lífsmatið, auk þess sem sveiflurnar í lífsmati eru ekki eins miklar og í Væntingavísitölunni.

Heilt yfir er þróunin því mjög jákvæð og ljóst að fleiri Íslendingar horfa björtum augum fram á veginn en gerðu fyrir 16 mánuðum síðan. Þrátt fyrir jákvæða þróun hefur það tímabil sem mælingarnar ná til einkenst af töluverðum sveiflum. Mat Íslendinga á lífi sínu virðist vera nokkuð brothætt og verða fyrir áhrifum af atburðum í umhverfinu. Vegna áhrifa einstakra atburða á lífsmatið er því mikilvægt að skoða langtímaþróun þar sem áhrif einstakra atburða á lífsmat munu jafnast út. Lítil

Lífsmat - Væntingavísitala



munur er á þróun þessa mælikvarða undanfarið ár eftir lýðfræðihópum. Einhver munur er þó eftir hópum á því hvernig fólk metur líf sitt, en lágtekjufólk, fólk með litla menntun og elstu aldurshóparnir flokkast í lægri þrep lífsmatsstigans en aðrir samanburðarhópar.


Sveiflukennd andleg líðan Íslendinga

Samhliða mælingum á lífsmati hóf Capacent að meta andlega líðan þjóðarinnar. Mælikvarði andlegrar líðanar byggir á sex spurningum þar sem fólk er beðið um að lýsa líðan sinni stærstan hluta dagsins áður en spurt var. Í flokknum „Mikil hamingja/Litlar áhyggjur“ eru þeir sem upplifðu gleði og/eða hamingju, en ekki áhyggjur, depurð, reiði og/eða streitu stærstan hluta dagsins fyrir mælingu. Í flokknum „Lítill hamingja/Miklar áhyggjur“ eru hins vegar þeir sem upplifðu áhyggjur, depurð, reiði og/eða streitu stærstan hluta dagsins fyrir mælingu, en ekki gleði og/eða hamingju.

Frá mánaðamótunum ágúst og september hefur hlutfall þeirra sem upplifa mikla hamingju, en ekki streitu og/eða áhyggjur lækkað umtalsvert og er rétt tæplega 40% þegar þessi orð eru skrifuð í lok september 2011. Þetta er álíka hátt hlutfall og í fyrstu mælingunni í maí 2010 þegar 38% upplifðu mikla hamingju en ekki streitu og/eða áhyggjur. Á hinn bóginn hefur þeim sem upplifa mikla streitu og/eða áhyggjur fækkað um rúmlega 4 prósentustig á tímabilinu (eru nú 6,8% en voru 11,0% við upphaf mælinga).

Sveiflur í lífsmati og andlegri líðan en ólík þróun

Báðir þessir mælikvarðar einkennast af miklum sveiflum og sterkar vísbendingar eru um að einstakir atburðir og umhverfisþættir hafi töluverð áhrif á lífsmat og andlega líðan Íslendinga. Til framtíðar, með lengri tímaröð gagna, verður áhugavert að greina áhrif umhverfisþátta og árstíðabundinna sveiflna á mælikvarðana. Þrátt fyrir



Þessi mælikvarði hefur, líkt og lífsmatið einkennst af miklum sveiflum frá upphafi mælinga. Til dæmis sjáum við stíganda í mælingunni yfir sumarið og jól, en neikvæð áhrif annarra atburða eins og t.d. fyrrnefndra mótmæla við Alþingi (byrjun október 2010) og lækkun í aðdraganda Icesave kosninga í apríl 2011 (þegar umræðan um það mál stóð sem hæst). Frá Icesave kosningum tók mælikvarðinn þó töluverðan kipp upp á við. Til að mynda upplifðu um 30% mikla hamingju/gleði en ekki streitu eða áhyggjur í kringum Icesave-þjóðaratkvæðagreiðsluna en í lok júlí var samsvarandi hlutfall komið upp í 45%. Sumarið er þó mögulega að hafa hér áhrif. Við sjáum stöðuga hækkun á mælikvarðanum þangað til í ágúst þegar sumarleyfistími flestra tók enda.

sambærilegar skammtímasveiflur í mælikvörðunum er langtímaþróun þeirra töluvert ólík. Þannig greinum við ekki eins jákvæða þróun í „andlegri líðan“ og í „lífsmati“ – við höfum ekki greint eins mikla hækkun í andlegri líðan og í lífsmatskvarðanum. Það virðist því vera að fjölgun þeirra sem „dafna“ í lífsmatsstiga Cantrils skili sér ekki í samsvarandi fjölgun þeirra sem finna fyrir mikilli hamingju en ekki streitu og/eða áhyggjum. Bætt lífsmat og aukin bjartsýni á lífið helst því ekki að öllu leyti í hendur við betri andlega líðan. Það verður áhugavert að skoða samspil þessara þátta þegar til framtíðar er litið, ásamt þróun annarra samfélagsmælikvarða Capacent. Það er von sérfræðinga Capacent að þessir nýju mælikvarðar verði verðmæt viðbót við flóru mælikvarða sem veita upplýsingar um ástand samfélagsins hverju sinni.

Heilsa

Í mælikvarða „heilsu“ er fólk spurt um líkamlega heilsu daginn fyrir mælingu. „Veikir“ eru þeir sem voru veikir vegna hausverkjar, flensu eða kvefs. „Hraustir“ eru þeir sem upplifðu ekkert þeirra einkenna sem hrjá „veika“.

Lægsta hlutfall sem við höfum séð frá upphafi mælinga er í ágúst 2011 eða 8%. Næst lægsta gildið mældist í ágúst 2010 eða 9%. Bæði árin hefur hlutfallið hækkað þegar komið er í september og hitastigið á landinu fer lækkandi.

Í september 2011 greindum við hæst hlutfall veikinda á tímabilinu, þegar liðlega 23% íslendinga fundu fyrir veikindum. Samsvarandi hlutfall í september 2010 var um 17%. Þetta bendir til þess að haustpestir hafi verið mun skæðari í ár en í fyrra. Þetta hlutfall er sömuleiðis hærra en þegar hámark vetrarflensunnar náðist í lok mars 2011. Þá sögðust rúmlega 19% íslendinga hafa fundið fyrir veikindum.

Athyglisvert er að fleiri konur en karlar finna að jafnaði fyrir veikindum. Til dæmis sögðust ríflega 28% kvenna hafa fundið fyrir veikindum þegar hámarkinu var náð um miðjan september, en samsvarandi hlutfall var tæplega 19% á meðal karla. Á svipaðan hátt sýna gögnin að yngri aldurshópar eru líklegri til að greina frá því að hafa fundið fyrir veikindum en þeir sem eldri eru.

Fjarvera frá vinnu/námi vegna veikinda

Mælikvarðinn „fjöldi daga frá vinnu/námi vegna veikinda“ tengist heilsuælingunum sterkt. Þannig eru flestir veikindadagar teknir um það leyti sem fólk finnur fyrir líkamlegum veikindum. Sömuleiðis má greina fylgni við andlega liðan, þannig að fjöldi veikindadaga tengist báðum þessum breytum, þ.e.a.s. andlegri liðan og líkamlegri heilsu.

Þegar skoðað er hversu marga daga Íslendingar voru frá vinnu/námi vegna veikinda má sjá að veikindadögum fjölgar verulega þegar líður á október og eru topparnir í desember og í byrjun mars. Aftur fer að draga hratt úr veikindadögum þegar líður á mars. Þó er athyglisvert að veikindaskot kemur í júnímánuði bæði 2010 og 2011.



Gísli Steinar Ingólfsson
Ráðgjafi
gisli.ingolfsson@capacent.is

Gísli Steinar Ingólfsson er ráðgjafi hjá Capacent. Hann er með MSc-gráðu í félagsfræði frá London School of Economics (LSE). Hann hefur áralanga reynslu af markaðsrannsóknum og kennir fagið við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst. Áður starfaði Gísli sem ráðgjafi hjá TNS í London.